



Sveitarstjórnarfundur 28. janúar 2026

Miðvikudaginn 28. janúar 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 38. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Franklín Ævarsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 38. fundar:

1. Fundargerð 37. sveitarstjórnarfundar 29.12.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Viðræður um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps
5. Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2026
6. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2025-2026
7. Viðbragðsáætlun Drangneshafnar
8. Ytra mat á Grunnskóla Drangness
9. Laugarhóll í Bjarnarfirði
10. Þátttaka í kaupum á búnaði fyrir slökkvilið
11. Samþykkt um Drangnesvatnsveitu
12. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi
13. Samþykkt um hunda- og kattahald í Kaldrananeshreppi
14. Umsóknir um leiguhúsæði í Kaldrananeshreppi

Fundargerð:

1. Fundargerð 37. sveitarstjórnarfundar 29.12.2025.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir

3. Aðrar fundargerðir

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 991. fundur stjórnar, 12.12.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Viðræður um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Í bréfi dagsettu 28. nóvember 2025 leggur verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir fyrir sitt leiti að hefja formlegar sameiningarviðræður við sveitarstjórn Árneshrepps skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og skipar eftirtalda tvo aðalfulltrúa og til vara í samstarfsnefnd sem skal kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna:

Aðalmenn:

- Finnur Ólafsson
- Halldór Logi Friðgeirsson
- Hildur Aradóttir

Til vara:

- Arnlín Óladóttir
- Ísabella B. Petersen

Samstarfsnefnd er falið að gera verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið og sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til síðari umræðu. Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps

Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2026 lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi áætlun. Skrifstofustjóra falið að senda Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2026 til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2025-2026

Innviðráðherra hefur, samkvæmt reglugerð nr. 1333/2025 um hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðalags fiskveiðiárið 2025-2026, úthlutað sveitarfélaginu 86 þorskígildistonn.

Finnur Ólafsson, Hildur og Ísabella víkja af fundi vegna vanhæfis.

Úthlutun byggðakvóta lögð fram til kynningar.

Arnlín tekur við fundarstjórn.

Sveitarstjórn ákveður að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá fyrra ári.

Skrifstofustjóra falið að senda rökstuðning þess efnis inn til ráðuneytis.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Finnur Ólafsson, Hildur og Ísabella mæta aftur á fund.
Oddviti tekur aftur við fundarstjórn.

7. Viðbragðsáætlun Drangsneshafnar

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda ber höfnum að skila viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar innan hafnarsvæðis ár hvert.

Viðbragðsáætlun Drangsneshafnar fyrir árið 2026 lögð fram til kynningar.
Skrifstofustjóra falið að senda áætlun áfram á Umhverfis- og orkustofnunar til samþykkis.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Ytra mat á Grunnskóla Drangsness

Ytra mat á starfsemi Grunnskóla Drangsness fór fram árið 2020 og barst Mennta- og barnamálaráðuneytinu framvinduskýrsla sl. sumar.

Telur ráðuneytið að upplýsingar um stöðu aðgerða skóla/sveitarfélags til umbóta vera fullnægjandi.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn þakkar starfsfólki Grunnskóla Drangsness fyrir vel unnin störf.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Laugarhóll í Bjarnarfirði

Sveitarstjórn samþykkti á 34. fundi sínum er haldinn var 30. september sl. að funda með rekstraraðilum Laugarhóls og stjórn félagsins.

Finnur Ólafsson vikur af fundi vegna vanhæfis.

Hildur tekur við fundarstjórn.
Skrifstofustjóri gerir grein fyrir afkomu fundarins.

Sveitarstjórn ákveður að ganga til samninga við rekstraraðila um sölu á hluta af eign hreppsins.
Skrifstofustjóra falið að annast málið.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

Finnur Ólafsson mætir aftur á fund.
Oddviti tekur aftur við fundarstjórn.

10. Þátttaka í kaupum á búnaði fyrir slökkvilið

Erindi barst frá Slökkviliði Strandabyggða það sem spurst var fyrir um hvort Slökkvilið Drangsness vildi sameina kaup á búnaði. Um er að ræða súrefniskútafyllingarvél að

áætlaðri upphæð, 5.000.000kr.- sem deilt yrði niður á íbúatölur.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka þátt í umræddum kaupum í samræmi við fjárhagsáætlun.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Samþykkt um Drangnesvatnsveitu

Fyrir liggur samþykkt um Drangnesvatnsveitu.

Samþykkt lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir umrædda samþykkt og felur skrifstofustjóra að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

12. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi

Skrifstofustjóri leggur til við sveitarstjórn að uppfærð yrði samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs en í gildi er samþykkt frá árinu 2004.

Uppfærð samþykkt lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir umrædda samþykkt og felur skrifstofustjóra að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Samþykkt um hunda- og kattahald í Kaldrananeshreppi

Fyrir liggur samþykkt um hunda- og kattahald í Kaldrananeshreppi.

Samþykkt lögð fram til kynnar.

Sveitarstjórn samþykkir umrædda samþykkt og felur skrifstofustjóra að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

14. Umsóknir um leiguhúsnæði

Hreppnum barst þrjár umsóknir þar sem óskað var eftir leiguíbúðum á Drangnesi.

Sveitarstjórn ákveður að verða við einni umsókninni þar sem einungis eitt húsnæði er laust til útleigu á vegum hreppsins.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:20